

Alþingi
Erindi nr. P 130/14
komudagur 17.10.2003



Alþingi Íslendinga
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HÁSKÓLI ÍSLANDS

HAGFRÆÐISTOFNUN

Reykjavík, 17. október 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tryggingagjald, 89. mál, viðbótarlífeyrissparnaður

Ljóst er að ákvæði í lögum um tryggingagjald sem veita skattaafslátt til þeirra sem kjósa að leggja til hliðar fyrir eftirlaunaárin með viðbótarlífeyrissparnaði hefur átt ríkan þátt í að fólk hefur valið þessa leið. Um helmingur starfsmanna á Íslandi tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði og hefur þeim stöðugt farið fjölgandi undanfarin ár. Í athugasemdum við frumvarpið segir að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafi náð settu marki, að viðbótarlífeyrir hafi náð fótfestu og því sé ekki þörf á sértækum ráðstöfunum á þessu sviði. Þessu lýsir Hagfræðistofnun sig ósammála:

1. Enn er mikil þörf til að auka þjóðhagslegan einkasparnað, sérstaklega vegna mikilla umsvifa í íslensku efnahagslífi á næstu árum. Í stað þess að um 500 milljónir króna endi á lífeyrisreikningum launþega og tilsvarandi þjóðhagslegur einkasparnaður myndist, aukast tekjur ríkissjóðs um sömu upphæð. Þessum auknu tekjum ríkissjóðs er þá hægt að rástafa til verkefna á vegum hins opinbera með tilsvarandi innspýtingu í efnahagslífið eða í að greiða niður skuldir með tilsvarandi þjóðhagslegum sparnaði. Af þessum þremur kostum er aukning þjóðhagslegs einkasparnaðar æskilegastur.
2. Ráðstöfunin mun draga úr vilja þess helmings íslenskra launþega sem ekki tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði nú til að hefja þátttöku.
3. Á hverju ári bætast 2-3 þúsund nýjir starfsmenn við á íslenskan vinnumarkað og mun ráðstöfunin draga úr hvatanum fyrir þessa starfsmenn til að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði.

Almannatryggingakerfið og almenna lífeyriskerfið munu í framtíðinni gefa eftirlaunþegum færi á að njóta um 65-75% meðaltekna sinna eftir að sest er í helgan stein, ef fullum réttindum er náð. Viðbótarlífeyrir bætir um 10 prósentustigum við þá tölu, miðað við að greitt sé alla starfsæfi í viðbótarlífeyrissjóð og að ávöxtun sé þokkaleg. Jafnframt er ljóst að því hærri sem lífeyrir er úr almennum sjóðum og viðbótarlífeyrissjóðum, því minni verður þunginn á almannatryggingar í framtíðinni vegna tekjutenginga.

Af öllum framangreindum ástæðum er mjög mikilvægt að hvetja sem flesta launþega til viðbótarlífeyrissparnaðar og eru sértækar ráðstafanir sem þessar afar mikilvægar í því sambandi. Því lýsir Hagfræðistofnun sig mótfallna fyrirhuguðum breytingum á lögum um tryggingargjald.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Þór Herbertsson,
forstöðumaður.